



BORGARSKJALASAFN REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 464

Lauritz Alfred Rasmussen

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 446

Lauritz Alfred Rasmussen
Plötu- og ketilsmiður og yfirverkstjóri
Stálsmiðjunnar í Reykjavík
(1888-2043)

Skjalaskrá

Lauritz Alfred Rasmussen starfaði lengst af sem yfirverkstjóri Stálsmiðjunnar í Reykjavík. Rasmussen var af dönskum ættum, fæddur í Odense 26. október 1888, sonur hjónanna Niels Rasmussen ketilsmiðs og konu hans, Maren Larsen.

Rasmussen lærði plötu- og ketilsmíði í Danmörku, en fluttist hingað til Íslands árið 1922 og tók við verkstjórn í plötu- og ketilsmiðju hf. Hamars hér í Reykjavík 26. september sama ár. Þann starfa hafði hann á hendi óslitið þar til um haustið 1933, er Hf. Stálsmiðjan var stofnuð, að hann var ráðinn yfirverkstjóri þess iðnfyrirtækis, og hafði þann starfa til dauðadags.

Rasmussen kvæntist konu sinni, Ingu Katrínu Arnfinnsdóttur, 12. maí 1923. Þau eignuðust 2 mannvænleg börn, Ágúst garðyrkjumann og Ellen, nemandu í Húsmæðraskóla Reykjavíkur. Rasmussen varð íslenskur ríkisborgari árið 1941.

Sem smiður var Rasmussen brautryðjandi iðngreinar sinnar hér á landi. Hann var í eðli sínu plötu- og ketilsmiður, eins og hann átti líka kyn til. Fljótlega eftir að hann kom hingað til lands, en þó sérstaklega eftir að Stálsmiðjan var stofnuð, framkvæmdi hann margar erfiðar og vandasamar viðgerðir á skipum og kötlum með þeirri þrýði og vandvirkni, sem einkenndi allt starf þessa samviskusama manns. Með vandvirkni sinni lagði hann þann sterkasta grundvöll undir þessa grein járníðnaðarins hér á landi, sem hægt var að leggja.

Rasmussen var einkar vinsæll maður á meðal samstarfsmanna sinna og annarra, sem honum kynntust, og ávann sér traust jafnt yfirmanna sem undirmanna sinna. Hinir mörgu vinir og kunningjar, sem Rasmussen eignaðist á dvalarárum sínum hér, minntust hans með hlýjum hug og þakklæti fyrir þann mikla og merka skerf, sem hann lagði fram vegna iðngreinar sinnar.

Rasmussen lést þann 9. apríl árið 1943. Texti tekinn af minnislykill sem fylgdi safninu.

Askja 1

Örk 1

Bréf til Svanhildar Bogadóttur borgarskjalavarðar 2011.

Niðjatal 1993 og 2009.

Minningargrein um Lauritz frá Þ.Á. 1943.

Viðtal við Guðmund Arason, eiganda Borgarsmiðjunnar, í blaðinu *Vogar* 1989 um nám í Stálsmiðjunni undir handleiðslu Lauritz Rasmussen.

Listar yfir minningarkort.

Minningarkort.

Minnislykill með minningargrein Þ.Á.

Bréf Sigríðar Sverrisdóttur 10. febrúar 2012 og úrklippa úr Ugeavisen i Odense, án árs.

Skráð í nóvember 2011 og maí 2012,
Jakobína Sveinsdóttir